

Kirkjuþing 2020-2021.

30. mál - þskj. 31.

T I L L A G A

til þingsályktunar um tækifærisgjafir til embættis biskups Íslands.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni.

Frsm. Hreinn S. Hákonarson.

Kirkjuþing 2020 beinir þeim tilmælum til biskups Íslands að allar tækifærisgjafir til embættis biskups Íslands verði skráðar sérstaklega.

Greinargerð.

Embætti biskupsins yfir Íslandi er frá árinu 1801, þegar Ísland varð eitt biskupsdæmi og hefur því verið við lýði í 219 ár.

Ætla mætti að embættinu hafi á rúmlega tvö hundruð árum borist einhverjar tækifærisgjafir sem rétt hefði verið að skrá, til dæmis hver gefur og hvenær, tilefni o.s.frv. - tækifærisgjafir frá einstaklingum, félögum, fyrirtækum og eftir atvikum forystufólki stofnana og stjórnámálanna sem gefa fyrir hönd lands og lýðs, innanlands jafnt sem utan. Fram skal tekið að bækur sem færðar eru embættinu að gjöf eru skráðar eins og aðrar bækur og vísar því tillaga þessi fyrst og fremst til lausamuna, t.d. málverka.

Dæmi um embætti sem halda slíkar skrár eru rektor Háskóla Íslands og forseti Íslands. Það er mikilvægt að mati flutningsmanns að halda utan um veraldlegar tækifærisgjafir embættisins og skrá þær.

Loks skal á það bent að breyttu breytanda tekur þessi tillaga og til gjafa til vígslubiskupsembættanna í Skálholti og á Hólum.

Kostnaðaráætlun:

Ekki er fráleitt að skráning þessi verði unnin af skjalavörðum biskupsembættisins og gæti lagst inn í vinnutíma þeirra eða greidd sem yfirvinna. Flutningsmaður telur verkið ekki vera mjög svo umfangsmikið í sjálfu sér að því leyti sem honum er kunnugt um það.